

## Inngangur

Síðustu ár hefur færst í vöxt að bændur og aðrir einstaklingar kaupi einstaka svín til að ala sjálfir, sérstaklega yfir sumartímamann. Líkt og með allt dýrahald er ýmislegt sem þarf að hafa í huga við slík kaup og að gefnu tilefni vill Matvælastofnun draga fram nokkur mikilvæg atriði.

## 1. Velferð svína og löggjöf

Allir sem halda svín þurfa að fara eftir þeim lögum og reglum sem gilda um slíkt dýrahald, óháð fjölda dýra. Það er t.d. gerð skýr krafa um að þeir sem halda svín þurfi að afla sér grunnþekkingar á þörfum og umönnun svína og þeim skyldum sem hvíla á umráðamönnum. Annað sem þarf að hafa í huga er að svín eru hópdýr og þurfa að umgangast önnur svín, því er aldrei ráðlegt að halda einungis eitt svín.

[Lög um velferð dýra - http://www.althingi.is/lagas/nuna/2013055.html](http://www.althingi.is/lagas/nuna/2013055.html)

[Reglugerð um velferð svína - http://www.reglugerd.is/reglugerdir/allar/nr/1276-2014](http://www.reglugerd.is/reglugerdir/allar/nr/1276-2014)

## 2. Sala á afurðum

Þeir sem hafa í hyggju að selja afurðir svína sinna, t.d. í kjötvinnslur, beint frá býli eða á veitingastaði, þurfa að sækja um leyfi Matvælastofnunar til matvælaframleiðslu samkvæmt matvælalöggjöf. Fulltrúi stofnunarinnar kemur í kjölfarið í úttektarheimsókn og starfsleyfi þarf að hafa verið gefið út áður en salan getur átt sér stað.

Kröfur sem gerðar eru til bænda eru m.a.:

- Tryggja heilbrigði og velferð dýra
- Tryggja hreinleika og þrifnað í framleiðslu og koma í veg fyrir að t.d. mengaður jarðvegur, dýralyf, skordýraeitur og spillt fóður mengi afurðir
- Halda dýrum sem ætluð eru til slátrunar hreinum
- Nota dýralyf, aukefni, varnarefni, hreinsiefni og önnur hjálparefni á ábyrgan hátt
- Tryggja hreint drykkjarvatn fyrir dýr
- Láta yfirlýsingu um heilbrigði dýra og lyfjanotkun fylgja með dýrunum í sláturhús
- Halda skráningar um:
  - Eðli og uppruna þess fóðurs sem svínunum er gefið
  - Notkun dýralyfja ásamt útskolunartíma
  - Öll tilfelli sjúkdóma sem geta haft áhrif á matvælaöryggi
  - Vitjanir dýralækna
  - Allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að tryggja rekjanleika, s.s. einstaklingsnúmer sem grísinn skal ávallt vera með áður en hann er fluttur frá fæðingarbýli (viðurkennt merki í eyra)
  - Allar niðurstöður rannsókna
  - Heilbrigðisástand dýra sem send eru til slátrunar

[Matvælalög - http://www.althingi.is/lagas/nuna/1995093.html](http://www.althingi.is/lagas/nuna/1995093.html)

[Reglugerð um hollustuhætti sem varða matvæli \(viðauki I\) - http://www.reglugerd.is/reglugerdir/allar/nr/103-2010](http://www.reglugerd.is/reglugerdir/allar/nr/103-2010)

### 3. Salmonella og smitvarnir

Á mörgum svínabúum landsins er salmonella viðvarandi vandamál. Eftirlit er haft með salmonellu og hugsanlegum salmonellumenguðum svínaskrokkum með sýnatökum í sláturhúsum. Þær sýnatökur gefa vísbendingar um stöðu hvers bús fyrir sig en staðan og smítalagið getur fljótt breyst. Því þarf alltaf að hafa í huga að þeir grísir sem keyptir eru geti verið sýktir af salmonellu, þó svínabúið sé með góða stöðu þegar kaupin eru gerð.

Nokkur atriði sem hafa þarf í huga varðandi salmonellu og annað smit:

- Fá upplýsingar frá því búi sem þú hyggst kaupa grísi frá um stöðu búsins er varðar salmonellu og aðrar sýkingar
  - Aðeins er ráðlegt að kaupa grísi frá búi sem er í 1. flokki samkvæmt röðun út frá sýnatökum í sláturhúsum og þar sem *Salmonella* Typhimurium eða *Salmonella* Enteritidis smit hefur ekki greinst
- Takmarka umgengni grísanna við önnur dýr á búinu, sérstaklega fyrstu vikurnar
  - Aðrar dýrategundir, t.d. hross, eru mun viðkvæmari fyrir salmonellusmiti en svín
- Tryggja góðan aðbúnað, hreinlæti og rétta fóðrun, til að stuðla að heilbrigði og góðri mótstöðu gegn smiti
  - Smit er líklegra til að vera takmarkað eða hafa styttri viðveru (örfáar vikur/mánuði) ef svín eru fá og rúmt er um þau
- Fylgjast vel með heilbrigði grísanna og hafa samband við dýralækni ef þeir þrífast illa eða sýna einhver sjúkdómseinkenni
- Viðhafa almennt hreinlæti í umgengni við svínin, svo sem handþvott, bæði til að vernda þau gegn smiti og þann sem annast þau
  - Ung börn og fólk með ónæmisbælingu er sérstaklega viðkvæmt fyrir salmonellusýkingum

### 4. Bann við fóðrun með eldhúsúrgangi og alvarlegir dýrasjúkdómar

Samkvæmt fóðurlögum og reglugerð um aukaafurðir dýra er bannað að fóðra búfé (loðdýr undanskilin) með kjöti og öðrum dýraafurðum (mjólk og egg undanskilin) og eldhúsúrgangi (bæði frá heimilum og veitingastöðum). Ástæða þessa banns er að kjöt og sláturafurðir eru talin vera ein helsta smitleið alvarlegra smitsjúkdóma í svín. Smitleiðin er oftast með eldhúsúrgangi enda er eldhúsúrgangur oft blandaður eða krossmengaður með kjöti eða öðru dýrapróteini sem getur innihaldið smitefni.

Gin- og klaufaveikisfaraldurinn í Bretlandi árið 2001 er mjög gott dæmi um þá áhættu sem tekin er þegar svínum er gefinn eldhúsúrgangur en uppruni hans var rakinn til svínabús sem fóðraði með hitameðhöndluðum eldhúsúrgangi frá veitingastöðum. Þessi faraldur varð til þess að a.m.k. 6,5 milljónir dýra voru aflífuð og framleiðsla ársins á búfjárafurðum á landsvísi var 20% minni en áætlað var. Fjárhagslegt tjón landbúnaðar- og matvælageirans var um þrjú milljarðar punda og ferðamalageirinn tapaði öðru eins. Heildarkostnaður fyrir þjóðina er talinn hafa verið um átta milljarðar punda. Ætla má að afleiðingar af slíkum faraldri hér á landi yrði mjög alvarlegar, jafnvel óbætanagerlegar fyrir íslenska dýrastofna.

Gin- og klaufaveiki hefur aldrei borist til Íslands en hins vegar hafa tveir aðrir alvarlegir smitsjúkdómar borist í svín hér á landi. Annars vegar svínapest (e. classical swine fever) sem kom upp árið 1942 og hins vegar blöðruþot (e. vesicular exanthema) árið 1955. Í báðum tilvikum var hægt að rekja smitleið til eldhúsúrgangs sem innihélt innflutt kjöt.

Fóðurlög - <http://www.althingi.is/lagas/nuna/1994022.html>

Reglugerð um aukaafurðir dýra - <http://www.efta.int/sites/default/files/documents/legal-texts/eea/other-legal-documents/translated-acts/icelandic/i32009R1069.pdf>